



Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 13. mars 2018

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 179. mál.**

Uppbygging flutningskerfis raforku er mikið hagsmunamál fyrir iðnaðinn sem reiðir sig á örugga orkuafhendingu og aðgengi um allt land. Miklu skiptir að kerfinu sé viðhaldið til að tryggja áreiðanleika. Fyrirtæki hafa þó áhyggjur af þeim mikla kostnaði sem tengist uppbyggingu kerfisins á næstu árum enda munu notendur bera þann kostnað að fullu. Aukin áhersla á dýrar lausnir eins og jarðstrengi getur hækkað orkureikning fyrirtækja meir en ella og mun hafa áhrif á samkeppnishæfni Íslands, einkum fyrir meðalstóra og stóra raforkunotendur. Í ljósi þess telja samtökin að skoða eigi hvort ríkissjóður leggi til fjármagn til stærri verkefna í flutningskerfinu, sérstaklega þegar valdar eru dýrari lausnir en nauðsynlegar eru.

**Kostnaður**

Kostnaður við uppbyggingu kerfisins til nánustu framtíðar getur orðið gríðarlegur, með hliðsjón af þeim stóru verkefnum sem lögð eru upp í kerfisáætlun. Áhersla á nýtingu jarðstrengja sem eru talsvert dýrari kostur en loftlínur, eykur verulega á þann kostnað. Samtökin telja mikilvægt að réttar upplýsingar um kostnað liggi fyrir Alþingi áður en kveðið er nánar á um viðmið og meginreglur til lengri tíma og eru sammála B. og C. lið tillögunnar um að greiningarvinna fari fram. Framkvæma þarf kostnaðar-/ábatagreiðingu á mismunandi kostum með hagsmuni fyrirtækja í huga, til lengri tíma og skemmri. Það er forsenda þess að þingið taki upplýsta ákvörðun um frekari aðgerðir. Verði niðurstaðan sú að velja dýrari lausnir, en nauðsynlegt er tæknilega séð, telja samtökin að skoða eigi hvort ríkið greiði viðbótarkostnað sem hlýst af. Sá kostnaður á ekki að falla að öllu leyti á notendur. Þetta á einnig við um línulagnir yfir hálendið sem fjallað er um í 4. lið tillögunnar.

Út frá þeim áhersluatriðum í tillögunni þar sem segir að a) flutningskerfi raforku skuli vera hluti af grunninnviðum samfélagsins, b) flutningskerfi raforku sé ein af mikilvægum forsendum atvinnuþróunar, og c) að tryggja skuli hagkvæmt flutnings- og dreifiverð til raforkunotenda leggja Samtök iðnaðarins til að Alþingi skoði að leggja til fjármagn til uppbyggingar flutningskerfis raforku til að koma til móts við aukinn kostnað sem mun falla til við lagningu jarðstrengja í stað loftlína og komist þar með hjá því að flutnings- og dreifiverð til raforkunotenda hækki úr hófi fram. Kostnaðurinn mun að öðrum kosti leggjast þyngst á millistóra og stóra raforkunotendur og hafa áhrif á samkeppnisstöðu Íslands fyrir stórnotendur, stærri framleiðslufyrirtæki, gangaver og aðra starfsemi sem er orkuháð. Kostnaður almennings mun þá einnig hækka. Er þá ótalin sá kostnaður sem hlýst af skertri samkeppnisstöðu raforkumarkaðar til langs tíma.

## Langur viðbragðstími

Samtökin hafa áhyggjur af að viðbragðstími vegna bilana í jarðstrengjum sé mun lengri en fyrir loftlínur. Ýmis iðnfyrirtæki þola ekki að lokað sé fyrir raforkuflutning dögum saman svo þetta er raunverulegt vandamál sem ætti að nefna í þingsályktuninni. Samtökin leggja til að þetta sé tilgreint sérstaklega í A. lið, sem eitt þeirra atriða sem taka þarf tillit til við ákvörðun um gerð flutningslína og lagningu jarðstrengja.

Í tilfalli gagnavera er það einnig spurning um almannahagsmuni að viðbragðstími vegna bilana sé stuttur. Í mörgum tilfellum er verið að vinna með upplýsingar sem ekki þola bið og má sem dæmi nefna afgreiðslu lyfja á heilbrigðisstofnunum, tollafgreiðsla á sendingum og möguleg áhrif á fjármálastofnanir sem treysta á öruggan rekstur kerfa.

## Atvinnuuppbygging

Lagt er til að hnykkt sé á mikilvægi raforkuerfisins fyrir atvinnulíf með því að orða 2. tl þannig, sbr. 1. gr. raforkulaga:

2. Tryggja ber að flutningskerfið geti á hverjum tíma mætt þörfum raforkunotenda og stuðlað að þeim þjóðhagslegu markmiðum sem fram koma í raforkulögum og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu.

Virðingarfyllst,



Bryndís Skúladóttir,  
sviðsstjóri framleiðsluviðs